

22. mars, 2010.

Afkoma Skipta hf. á árinu 2009

- Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 8,7 milljörðum króna

- Sala jókst um 2% frá fyrra ári, nam 39,7 milljörðum króna samanborið við 39,0 milljarða árið áður.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 8,7 milljörðum króna samanborið við 9,0 milljarða árið áður. EBITDA hlutfallið var 22%.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 9,1 milljarði króna, samanborið við 10,1 milljarð árið áður. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 6,9 milljörðum króna.
- Bókfært tap Skipta á árinu nam 10,2 milljörðum króna sem skýrist einkum af virðisýrnun óefnislegra eigna, sem nam 7,3 milljörðum króna, og gengisþróun íslensku krónunnar.
- Fjármagnsgjöld voru 7,5 milljarðar króna en þar af nam gengistap 2,1 milljörðum króna.
- 37% af tekjum samstæðunnar koma frá erlendri starfsemi félagsins samanborið við 32% árið áður
- Vaxtaberandi skuldir að frádregnum innistæðum (nettó vaxtaberandi skuldir) námu 54,4 milljörðum um áramót en voru 51,1 milljarður árið áður.
- Eiginfjárhlutfall Skipta hf. er 21% og eigið fé er 25,5 milljarðar króna.

Helstu atburðir á árinu

- Efnahagsþrengingar settu mark sitt á starfsemi Skipta og dótturfélaga á árinu. Gripið var til margháttæðra aðgerða í rekstrinum til að tryggja afkomu félagsins en búast má við að rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi verði áfram erfitt.
- Síminn hélt áfram uppbyggingu á langdrægu GSM kerfi og á langdrægu 3G kerfi sem gefur notendum kost á öflugu háhraðasambandi um allt land og á miðunum í kringum Ísland. Þá vann Síminn, í samvinnu við Fjarskiptasjóð, að uppbyggingu háhraðanets um allt land. Markmiðið er að öllum landsmönnum verði tryggt háhraðanet fyrir árslok 2010. Um er að ræða tæplega 1800 heimili sem tengjast háhraðaneti í þessu verkefni.
- Síminn hleypti nýju vörumerki, Ring, af stokkunum. Ring er einkum ætlað að höfða til yngri viðskiptavina og fer vel af stað.
- Á árinu hóf Síminn uppbyggingu á Ljósneti Símans og á næstu tveimur árum munu rúmlega 40 þúsund heimili á höfuðborgarsvæðinu eiga kost á að tengjast því.
- Rekstur Mílu gekk ágætlega á árinu. Undanfarin tvö ár hefur starfsemin tekið töluverðum breytingum, búið er að útvísta verkþáttum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi Mílu og er fyrirtækið vel í stakk búið til að takast á við sveiflur í rekstrarumhverfi þess.
- Upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT skilaði mjög góðri afkomu og treysti enn verkefnastöðu sína. Skipti seldi á árinu breska fjarskiptafyrirtækið Aerofone.

- Skjámiðlar glímdu við minnkandi tekjur vegna mikils samdráttar á auglýsingamarkaði. Engu að síður hefur tekist að laga reksturinn vel að breyttu umhverfi og í lok árs var Skjá einum breytt í áskriftarsjónvarpsstöð. Viðtökurnar hafa verið vonum framar og hafa um 22% heimila þegar áskrift að stöðinni.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta hf.

“Árið 2009 einkenndist af mikilli óvissu í rekstrarumhverfi félagsins. Afkoman af reglulegri starfsemi félagsins á árinu er góð miðað við aðstæður, handbært fé frá rekstrinum er áfram mjög sterkt og við erum stolt af því að skila tæpum 9 milljörðum króna í EBITDA. Dótturfélög samstæðunnar hafa náð að laga sig að breyttu rekstrarumhverfi og minnkandi eftirspurn og dregið hefur verið úr kostnaði. Tekjuaukningin milli ára skýrist af aukningu erlendra tekna sem nú eru um 37% af heildartekjum og hafa aldrei verið hærri. Gengi íslensku krónunnar veiktist enn á árinu og skýrir að hluta tap félagsins. Þá eru áætlanir okkar fyrir næstu ár varkárar, sem hefur í för með sér virðisrýrnun óefnislegra eigna sem skýrir stærstan hluta taps ársins. Við gerum ráð fyrir að aðstæður verði áfram erfiðar og teljum að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til geri Skipti vel í stakk búin til að takast á við þær aðstæður.”

Niðurstaða í rekstri á árinu 2009

Reikningsskilaaðferðir

Samstæðuársreikningur Skipta hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Skipta hf. og dótturfélaga þess. Stjórn og forstjóri Skipta hf. hefur staðfest ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2009.

Rekstur

Salan á árinu 2009 nam 39.682 m.kr. samanborið við 39.013 m.kr. árið áður, sem er 2% aukning. Þessi aukning skýrist af auknum tekjum af erlendra starfsemi.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 8.678 m.kr. miðað við 8.966 m.kr. árið áður. EBITDA hlutfallið er nú 22% samanborið við 23% árið áður. Skipti hafa á undanförunum árum keypt fyrirtæki í upplýsingatæknigeiranum en sá markaður skilar að jafnaði lægra EBITDA hlutfalli en fyrirtæki í fjarskiptageiranum. Á það ber hins vegar að líta að fjárfestingar eru að jafnaði minni í upplýsingatæknigeiranum. Þá eiga fjarskiptafélög Skipta erlendis ekki fjarskiptanetinn sem þau reka þjónustu sína á og eru því með lægri EBITDA hlutfall en þau fjarskiptafélög sem eiga og reka sín eigin fjarskiptanet.

Afskriftir félagsins námu 11.578 m.kr. á árinu samanborið við 6.354 m.kr. árið áður. Munurinn skýrist einkum af virðisrýrnun óefnislegra eigna.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 10.205 m.kr. samanbórið við 6.424 m.kr. tap á árinu 2008. Tapið nú skýrist einkum af gengispróun íslensku krónunnar á árinu og virðisryrnun óefnislegra eigna sem nam um 7,3 milljörðum króna.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 9.094 m.kr. á árinu en var 10.102 m.kr. á fyrra ári.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 3.161 m.kr. á árinu en námu 4.859 m.kr. fyrir sama tímabil 2008.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 120.697 m.kr. 31. des 2009 og minnkuðu eignir um 6 % á árinu eða um 8,0 ma.kr. Vaxtaberandi skuldir að frádregnum innistæðum (nettó vaxtaberandi skuldir) námu 54,4 milljörðum um áramót en voru 51,1 milljarður árið áður. Hlutfall nettó vaxtaberandi skulda/EBITDA var 6,3 um áramót en var 5,7 ári áður.

Eigið fé félagsins nam 25.525 m.kr. í lok árs 2009 og eiginfjárlutfall var 21%.

Staða og horfur

Síminn hélt áfram uppbyggingu á langdrægu GSM kerfi og á langdrægu 3G kerfi sem gefur notendum kost á öflugum háhraðasambandi um allt land og á miðunum í kringum Ísland. Þá hóf Síminn, í samvinnu við Fjarskiptasjóð, uppbyggingu háhraðanets um allt land. Markmiðið er að öllum landsmönnum verði tryggt háhraðanet fyrir árslok 2010 en verkinu verður lokið fyrir en áætlað var. Um er að ræða tæplega 1800 heimili sem tengjast háhraðaneti í þessu verkefni. Síminn gerði á fyrri hluta ársins samning við Greenland Connect um sæstreng til Kanada og stuttu síðar var samið um Danice sæstrenginn og er því í fyrsta sinn með samninga um fjóra sæstrengi til og frá Íslandi. Þetta eykur öryggi og bætir þjónustu enda er um fimmfalda aukningu á bandbreidd til Ameríku að ræða. Síminn seldi í ágúst allan hlut sinn í breska fjarskiptafyrirtækinu Aerofone. Í nóvember hleypti Síminn ennfremur nýju vörumerki, Ring, af stokkunum. Ring er einkum ætlað að höfða til yngri viðskiptavina og fer vel af stað. Á árinu hóf Síminn uppbyggingu á Ljósneti Símans og á næstu tveimur árum munu rúmlega 40 þúsund heimili á höfuðborgarsvæðinu eiga þess kost að tengjast því. Með Ljósnetinu er hægt að bjóða upp á allt að 100 Mb/s með hagkvæmum hætti.

Rekstur **Mílu** gekk ágætlega á árinu. Undanfarin tvö ár hefur starfsemin tekið töluverðum breytingum, búið er að útvista verkþáttum sem ekki eru hluti af kjarnastarfsemi Mílu og er fyrirtækið vel í stakk búið til að takast á við sveiflur í rekstrarumhverfi þess.

Skjámiðlar glímdu við minnkandi tekjur vegna mikils samdráttar á auglýsingamarkaði. Engu að síður hefur tekist að laga reksturinn vel að breyttu umhverfi og í lok árs var **Skjá einum** breytt í áskriftarsjónvarpsstöð. Viðtökurnar hafa verið vonum framar og nú hafa um 22% heimila áskrift að stöðinni.

Já gaf út Símaskrána 2009 í lok maí en hún var annað árið í röð unnin í samstarfi við rithöfundinn Huggleik Dagsson sem birti sjálfstætt framhald sögu sinnar frá því í fyrra inni í Símaskránni. Mikil notkun er á símaskránni og þremur mánuðum eftir útgáfu hennar höfðu 64% heimila sótt eintak. Vinsældir vefmiðilsins Já.is halda áfram að aukast, notendum fjölgaði um 23% frá fyrra ári og auglýsingatekjur jukust milli ára.

On-Waves, dótturfélag Símans, sérhæfir sig í að bjóða farsímalausnir um borð í skemmtiferðaskipum og ferjum, ásamt fraktskipum. Góður vöxtur er í starfseminni og félagið undirritaði á á seinasta ári fjölmarga samninga um GSM þjónustu um borð í skemmtiferðaskipum.

Rekstur upplýsingatæknifélagsins **Sirius IT** gekk mjög vel á árinu. Verkefnastaða félagsins er góð og á síðasta ári gerði fyrirtækið marga stóra viðskiptasamninga bæði við núverandi og nýja viðskiptavini. Meðal viðskiptavina Sirius IT eru margir opinberir aðilar, ríkisstofnanir, sveitarfélög og lífeyrissjóðir. Einnig eru stór einkafyrirtæki meðal viðskiptavina félagsins, aðallega í ýmsum þjónustugreinum, s.s. orkufyrirtæki, fyrirtæki í öryggisþjónustu, tryggingarstarfsemi, lyfsölu og fjölmiðlun. Almennt má segja að horfur í rekstri Sirius IT séu góðar.

Skipti hafa átt í viðræðum við lánardrottna félagsins sem miða að því að Skipti greiði lán félagsins hraðar upp en gert er ráð fyrir í lánasamningum. Lausafjárstaða Skipta er sterk, um áramótin átti félagið yfir 20 milljarða króna í handbæru fé. Skuldir félagsins hafa hins vegar hækkað með falli íslensku krónunnar þar sem hluti skulda félagsins er í erlendri mynt. Skipti hafði gert gjaldmiðlaskiptasamninga við íslenska banka til að verja félagið gegn falli krónunnar en þeir samningar hafa ekki verið uppfylltir af hálfu bankanna. Við hækkun skulda var það mat lánveitenda að skilmálar sem eru í lánasamningum hefðu raskast og óskuðu lánveitendur í kjölfarið eftir því að Skipti greiddi lánin hraðar niður með handbæru fé félagsins.

Óvissa ríkir um stöðu efnahagsmála á næstunni. Eftirspurn hefur minnkað og búast má við að sú þróun geti haldið áfram. Skipti og dótturfélög hafa brugðist við þeim aðstæðum með ýmsum aðgerðum sem allar miða að því ná fram enn betri rekstri félaganna. Á árinu 2009 var gripið til viðamikilla aðgerða í rekstrinum. Þessar aðgerðir, sem allar miða að því að búa félagið undir þá tíma sem framundan eru, hafa þegar skilað sér með lækkun kostnaðar og enn skýrari stefnu fram á veginn.

Nánari upplýsingar um samstæðuuppgjörið veita:

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri, sími 550-6003.

Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, sími 863-6075.

Um Skipti hf.

Skipti rekur fyrirtæki sem starfa einkum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, á Íslandi og erlendis. Hlutverk Skipta er að sinna sameiginlegri þjónustu fyrirtækjanna á einum stað, með hagræði og sveigjanleika að leiðarljósi. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Já, Skjárinn, Sensa, Tæknivörur, On-Waves og Radiomiðun. Erlend dótturfélög eru fjarskiptafélagið Síminn Danmark í Danmörku, og upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT sem er með starfsemi í Noregi, í Svíþjóð og Danmörku.